



Reykjavík, 1. september 2025

VEL25060113

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar frá árinu 2019

Þann 25. júní sl. lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hver hafa verið heildarútgjöld Reykjavíkurborgar á árunum 2019-2024 vegna fjárhagsaðstoðar til einstaklinga og hver hafa útgjöldin verið hingað til á þessu ári? Hver er skipting ríkisfangs þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð á fyrrnefndu tímabili?

Svar:

Á tímabilinu 2019-2024 hafa útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar verið nokkuð breytileg. Samtals útgjöld jukust úr 2.613 m.kr. árið 2019 í 4.319 m.kr. árið 2023, en lækkuðu lítillega árið 2024 í 4.098 m.kr. Hækkunin á útgjöldum skýrist af auknum fjölda flóttamanna sem fær fjárhagsaðstoð. Stærsti hluti útgjalda er framfærslustyrkur, sem fór úr 2.059 m.kr. árið 2019 í hámark 3.403 m.kr. árið 2023, en lækkaði síðan í 3.290 m.kr. árið 2024. Átaksverkefni hafa vaxið jafnt og þétt, úr 42 m.kr. árið 2019 í 144 m.kr. árið 2024.

Framfærsla vegna náms hefur hins vegar dregist saman, úr 136 m.kr. árið 2019 í 93 m.kr. árið 2024. Greiðslur vegna barna hafa aukist eftir lækkun 2020 og náðu 209 m.kr. árið 2024. Neyðaraðstoð vegna útlendinga er breytileg en sýnir hækkun frá 23 m.kr. árið 2023 í 45 m.kr. árið 2024. Heimildagreiðslur og styrkir vegna aðstæðna jukust verulega árið 2022 (601 m.kr.) sem skýrist af styrkjum til flóttamanna, en hafa síðan minnkað og voru 318 m.kr. árið 2024.

Eftir að stríð hófst í Úkraínu árið 2022 hefur flóttamönnum með fjárhagsaðstoð fjölgað. Aukin útgjöld má sjá í flokkum s.s. framfærslustyrk, neyðaraðstoð og sérstökum styrkjum vegna aðstæðna. Þessi þróun skýrir að stórum hluta aukningu í heildarútgjöldum.

Við þessar breytingar þarf einnig að taka tillit til endurgreiðslna frá ríkissjóði samkvæmt a og b lið 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem draga úr nettó útgjöldum. Þær jukust mikið á tímabilinu, sérstaklega endurgreiðslur samkvæmt 15. gr. b sem námu 1.958 m.kr. árið 2023. Endurgreiðslurnar eru vegna erlendra ríkisborgara sem hafa haft lögheimili á Íslandi skemur en 2 ár, en ríkissjóður endurgreiðir fjárhagsaðstoð þeirra einstaklinga.

Nettó útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar hafa því verið tiltölulega stöðug síðustu ár. Þau voru 2.279 m.kr. árið 2019, náðu hámarki 2.600 m.kr. árið 2020, lækkuðu í 2.315 m.kr. árið 2023 en hækkuðu á ný í 2.516 m.kr. árið 2024. Þetta bendir til þess að auknar endurgreiðslur hafi haldið aftur af útgjaldaaukningu, þrátt fyrir vaxandi kostnað í



Reykjavík




einstökum flokkum. Sjá má frekari sundurliðun á útgjaldaliðum í töflu 1 ásamt samanburði á útgjöldum á milli ára á myndum 1 og 2.

Tafla 1. Sundurgreining á útgjöldum vegna fjárhagsaðstoðar á árunum 2019-2024

Fjárhæðir (m.kr.)


Tegund greiðslna	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Átaksverkefni	42	64	59	94	136	144
Framfærsla vegna náms	136	152	161	135	117	93
Framfærslustyrkur	2.059	2.749	2.755	3.292	3.403	3.290
Greiðslur vegna barna	155	91	134	136	161	209
Neyðaraðstoð vegna útlendinga	25	33	24	38	23	45
Heimildagreiðslur og styrkir vegna aðstæðna	196	322	280	601	480	318
Samtals kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar	2.613	3.410	3.413	4.296	4.319	4.098
Endurgreiðsla 15. gr.a laga um félagsþjónustu	-22	-33	-24	-57	-46	-77
Endurgreiðsla 15. gr.b laga um félagsþjónustu	-311	-776	-938	-1.779	-1.958	-1.505
Nettó útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar	2.279	2.600	2.451	2.459	2.315	2.516

Nettó útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar (m.kr.)



Mynd 1. Nettó útgjöld fjárhagsaðstoðar árlega frá 2019-2024

Heildarkostnaður og endurgreiðsla (m.kr.)



Mynd 2. Heildarútgjöld fjárhagsaðstoðar árlega ásamt endurgreiðslu vegna erlendra ríkisborgar



Heildarútgjöld fjárhagsaðstoðar fyrstu sjö mánuði ársins 2025 nema 1.941 m.kr. Ef gert er ráð fyrir svipuðum útgjaldaprótti það sem eftir er ársins má ætla að heildarútgjöld ársins verði á bilinu 3.200 - 3.400 m.kr. Þetta væri lægra en 2024 (4.098 m.kr.), og bendir til niðurfærslu í heildarútgjöldum. Það ber að nefna að notendum á fjárhagsaðstoð hefur farið fækkandi frá árinu 2024 og skýrir það áætlaða lækkun á útgjöldum á milli ára. Hér á eftir að taka tillit til endurgreiðslu vegna 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga á árinu 2025 en fyrsta ársfjórðung 2025 voru endurgreiddar 296 m.kr. Sjá má skiptingu útgjalda árið 2025 eftir mánuðum í töflu 2.

Tafla 2. Sundurliðun á greiðslum vegna fjárhagsaðstoðar það sem af er ársins 2025

Fjárhæðir 2025 (m.kr.)

Tegund greiðslna	Jan.	Feb.	Mar.	Apr.	Mai	Jún.	Júl.	Samtals 2025
Átaksverkefni	22	13	14	14	16	14	15	109
Framfærsla vegna náms	10	11	11	11	10	0	0	53
Framfærslustyrkur	245	244	237	220	211	215	211	1.583
Greiðslur vegna barna	14	14	18	17	15	10	5	92
Neyðaraðstoð vegna útlendinga	1	0,3	2	1	1	0,3	1	7
Heimildagreiðslur og styrkir vegna aðstæðna	15	15	17	15	14	10	11	98
Samtals	307	298	298	278	267	250	244	1.941

Ríkisfang

Á tímabilinu 2019-2024 hefur samsetning notenda fjárhagsaðstoðar tekið breytingum. Samtals hafa einstaklingar frá 105 mismunandi löndum þegið fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg frá árinu 2019. Sjá má skiptingu notenda eftir ríkisfangi í töflu 3.

Íslenskir ríkisborgarar voru 74% allra notenda árið 2019, en hlutfall þeirra lækkaði hratt eftir 2020 og fór niður í 46,8% árið 2022. Árið 2023 var hlutfallið komið í 44,9%, en jókst lítillega aftur í 48,7% árið 2024. Þrátt fyrir að vera áfram stærsti hópurinn hefur Íslendingum fækkað hlutfallslega.

Úkraínskir ríkisborgarar voru mjög fáir fram til ársins 2022 (um 0,1–0,2% notenda). Með upphafi stríðsins í Úkraínu varð hins vegar mikil fjölgun og hlutfallið fór upp í 21,2% árið 2022 og 24,5% árið 2023. Þetta er einstakt stökk og sýnir skýrt áhrif alþjóðlegrar neyðar á fjárhagsaðstoð. Árið 2024 fer hlutfallið lækkanði (20,4%), en þetta er áfram næststærsti hópurinn.

Venesúelskir ríkisborgarar hafa verið þriðji stærsti hópurinn. Hlutfall þeirra fór úr 2,4% árið 2019 í hámark 9,1% árið 2022, áður en það lækkaði í 4,1% árið 2024.

Hlutfall palestínskra, afganskra og sýrlenskra ríkisborgara hefur verið að aukast sem hluti af heildarfjölda á tímabilinu. Hlutfall Palestínnumanna jókst frá 1,1% árið 2020 í 5,0% árið 2024. Hlutfall Afgana og Sýrlendinga er stöðugra, í kring um 2%.

Aðrir hópar eins og Pólverjar, Rúmenar, Litháar og Írakar halda áfram að vera á bilinu 1–5% hvert þjóðerni, án mikilla sveiflna. Þó má sjá hægfara fjölgun ríkisborgara einstakra






landa utan Evrópu, t.d. Sómalíu. **85 önnur þjóðerni** halda áfram að vera 3–6% af heild, sem sýnir að notendahópurinn er mjög fjölbreyttur.

Tafla 3. Ríkisfang notenda sem hlutfall af heildarfjölda notenda á fjárhagsaðstoð frá 2019-2024

Ríkisfang sem hlutfall af heildarfjölda með fjárhagsaðstoð

Land	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Ísland	74,2%	66,4%	66,2%	46,8%	44,9%	48,7%
Úkraína	0,1%	0,2%	0,1%	21,2%	24,5%	20,4%
Venesúela	2,4%	4,9%	5,2%	9,1%	6,2%	4,1%
Pólland	5,0%	5,2%	4,2%	3,3%	3,4%	3,6%
Palestína	0,6%	1,1%	1,9%	2,7%	3,5%	5,0%
Afganistan	1,7%	2,0%	2,1%	2,1%	2,1%	2,4%
Sýrland	1,3%	1,9%	2,3%	2,3%	2,1%	2,1%
Írak	1,6%	2,7%	2,8%	1,7%	1,4%	1,1%
Litháen	1,5%	1,6%	1,6%	1,5%	1,7%	1,8%
Rúmenía	1,9%	1,4%	1,4%	1,0%	1,3%	2,1%
Sómalía	0,7%	1,5%	1,5%	1,0%	1,1%	1,1%
Íran	0,84%	1,18%	1,10%	0,94%	0,92%	0,90%
Lettland	1,01%	0,92%	1,01%	0,73%	0,90%	0,77%
Nígería	0,24%	0,89%	0,95%	0,71%	0,50%	0,45%
Portúgal	0,54%	0,55%	0,45%	0,24%	0,18%	0,29%
Spánn	0,40%	0,49%	0,39%	0,24%	0,26%	0,35%
Marokkó	0,44%	0,46%	0,51%	0,26%	0,22%	0,19%
Danmörk	0,44%	0,35%	0,34%	0,13%	0,20%	0,11%
Svíþjóð	0,27%	0,14%	0,31%	0,17%	0,20%	0,13%
Pakistan	0,30%	0,43%	0,25%	0,13%	0,07%	0,05%
85 önnur þjóðerni	4,47%	5,75%	5,31%	3,72%	4,42%	4,36%
Samtals hlutfall	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Þróun hlutfalls ríkisfangs af heildarfjölda eftir fimm fjölmennustu ríkisföngum



Mynd 3. Þróun hlutfalls 5 stærstu ríkisfanga á fjárhagsaðstoð frá 2019-2024